

Tillaga til þingsályktunar

um úttekt á vegagerð og veggjöldum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal,
Drífa Hjartardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna að úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með veggjöldum, í því skyni auka fjárfestingar í vegagerð og stuðla að uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. þingi, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Íslendingar verja umtalsverðu fé til vegagerðar, líklega hlutfallslega meira en flestar aðrar þjóðir. Aðstæður til vegagerðar eru víða erfiðar og ör þéttbýlismyndun hefur kallað á mikla fjárfestingu í innviðum samfélagsins, svo sem í vegagerð. Samgöngukerfið hefur fyrir vikið tekið miklum stakkaskiptum á ótrúlega skömmum tíma.

Samkvæmt samgönguáætlun 2003–2014 verður varið um 71,8 milljörðum kr. til stofnframkvæmda í grunnneti vegakerfisins. Þó er ljóst að mikil þörf er á frekari uppbyggingu og að tugi milljarða króna vantar til þess að uppfylla allar óskir um nýframkvæmdir í vegagerð í landinu. Nútímalífshættir auka kröfur um nýja og fullkomnari vegi. Stórauknir landflutningar kalla á skjótar úrbætur í vegamálum. Enn hefur ekki tekist að rjúfa vetrareinangrun sumra þéttbýlisstaða né leggja uppbyggða nútímalega vegi þar sem þörf er á. Sífellt aukast kröfur um styttingu vega, til þess að auka rekstrarhagkvæmni atvinnulífsins og opna fólki leiðir að sem fjölbreytilegri þjónustu. Þannig er vegagerð snar þáttur í nútímalegri byggðastefnu og forsenda fjölbreyttrar atvinnu og þjónustu.

Þarfir við vegagerð eru margvíslegar og breytast ört. Horfa þarf til grundvallarþarfa eins og að leggja bundið slitlag á vegi út um landið, auka öryggi með breiðari og styrkari vegum, útrýma einföldum brúm, verjast skriðuföllum, stytta leiðir, útrýma snjóaköflum og öðru því sem er snar þáttur í almennri vegagerð um byggðir landsins. Á höfuðborgarsvæðinu er þörf á annars konar vegagerð. Þar eru markmiðin að greiða fyrir umferð, draga úr hávaðamengun og tengja byggðirnar á svæðinu saman með sem greiðustum hætti.

Hvalfjarðargöngin – eina dæmið.

Á undanförunum árum hefur oft verið rætt um að beita nýrri fjármögnunaraðferð við vegagerð til þess að flýta fyrir gerð umferðarmannvirkja. Þar er þá horft til vegagerðar sem einstaklingar og fyrirtæki á þeirra vegum annist og fjármagni en fá heimild til þess að innheimta veggjald í einhverri mynd. Slíkt tíðkast víða erlendis og hefur verið notað við gerð stórra og dýrra samgöngumannvirkja. Þessari aðferð hefur líka verið beitt til þess að hafa áhrif á dreifingu umferðar og er nýlegt dæmi frá Lundúnum líklega þekktast.

Hér á landi hefur slíkum kostum við mannvirkjagerð verið lítt beitt. Hvalfjarðargöngin eru eina samgöngumannvirkið sem gert hefur verið og fjármagnað með veggjöldum á síðari

árum. Var sú fjármögnun forsenda þess að farið var í þá framkvæmd á sínum tíma. Þar með var einnig skapað svigrúm til annarrar vegagerðar, sem ekki var unnt að fjármagna með veggjöldum en var borin uppi með fé af vegáætlun. Reynslan hefur sýnt að þörfin fyrir Hvalfjarðargöngin var afskaplega brýn. Frá 1999 til 2002 jókst umferðin um þau um meira en fjórðung.

Mikil þróun.

Fullt tilefni er til þess nú að hyggja sérstaklega að því hvar koma megi við frekari veggjöldum til þess að stuðla að aukinni vegagerð í landinu, ekki síst vegna þess að mikil þróun á sér nú stað varðandi tæknilega möguleika á slíku. Búnaður sem þarf til slíkrar innheimtu verður æ fullkomnari. Með því að stöðugt fleiri þjóðir tileinka sér slíkar fjármögnunarleiðir til vegagerðar verður unnið að því af miklum krafti að fullkomna slíkan búnað og gera hann einfaldari. Innan Evrópu tengist þetta tilraunum manna til þess að fjármagna vegagerð í vaxandi mæli með notendagjöldum af hvers konar tagi.

Hér á landi er vaxandi umræða um þessi mál. Nefna má að stofnað hefur verið einkahlutafélag í Bolungarvík, Leið ehf. – félag um einkafjármögnun vegamannvirkja, sem auk annars heldur úti kröftugri og fróðlegri heimasíðu: www.leid.is. Þangað má sækja almennan fróðleik um vegamál og ekki síst um mál er tengjast veggjöldum og skyldum hlutum. Hefur fyrirtækið meðal annars staðið fyrir skoðanakönnunum um veggjöld og vilja vegfarenda til þess að greiða fyrir afnot af nýjum samgöngumannvirkjum og vegum. Þessar kannanir hafa leitt í ljós verulegan áhuga á slíkri fjármögnun og greinilegan vilja fólks til þess að greiða fyrir vegabætur með umferðargjöldum.

Þingmál á Alþingi.

Mál sem tengjast veggjöldum hafa einatt komið til umræðu á Alþingi. Vitaskuld með beinskeyttustum hætti þegar unnið var að undirbúningi Hvalfjarðarganga. Einnig má tiltaka þingmál sem flutt hafa verið og samþykkt í þessa veru. Hér verða nefnd tvö dæmi.

Fyrir ríflega einum áratug, 7. maí 1993, var samþykkt ályktun á Alþingi (104. mál 116. þings) þar sem sagði meðal annars: „Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni: að kanna hvar sé mögulegt og réttlætjanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensínjald og Vegasjóð.“ Flutningsmenn tillögunnar voru Árni M. Mathiesen, Árni R. Arnason og Einar K. Guðfinnsson.

Á árinu 1998 var síðan flutt þingsályktunartillaga (45. mál 123. þings) þar sem sagði: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.“ Flutningsmenn hennar voru Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphédinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen og Kristín Halldórsdóttir. Var tillagan síðan samþykkt eilítið breytt 10. mars 1999.

Af þessum dæmum má sjá að áður hafa komið fram hugmyndir um að beita vegtollum. Nú, að fenginni reynslu, vegna brýnnar þarfar á frekari vegagerð og í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur annars staðar í Evrópu, er fullt tilefni til þess að skoða þessi mál að nýju og er það helsta ástæða þess að þingsályktunartillaga þessi er flutt.

Fylgiskjal.**Framlög til vegamála samkvæmt gildandi samgönguáætlun.****3.3 Vegamál.**

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur	42.946	45.113	46.424
Framlag úr ríkissjóði	12.752	12.152	9.332
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	4.600	0	0
Ríkistekjur			
Sértekjur			
Tekjur og framlög	60.298	57.265	55.756
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir	-1.413	-320	0
Afborganir	0	-500	0
Viðskiptahreyfingar samtals	-1.413	-820	0
Til ráðstöfunar alls	58.885	56.445	55.756
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	1.233	1.330	1.400
Upplýsingaþjónusta	313	330	350
Umferðareftirlit	238	250	270
Þjónusta	10.384	10.889	11.496
Almenningssamgöngur	3.920	3.070	2.770
Þar af afborgun lána	-1.253	-240	0
Rannsóknir	426	451	464
Minjar og saga	35	80	100
Rekstrargjöld alls	15.296	16.160	16.850
Viðhald samtals	9.628	10.600	11.100
Stofnkostnaður			
Grunnnet			
Almenn verkefni	1.920	1.740	1.740
Höfuðborgarsvæðið	5.986	7.246	7.762
Stórverkefni	8.100	9.319	8.914
Áður framkvæmt/afborgarnir	-160	-80	0
Orku- og iðjuvegir	417	0	0
Jarðgöng	6.400	5.000	2.000
Landsvegir í grunnneti	120	200	520
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	4.600	0	0
Samtals grunnnet	27.383	23.425	20.936
Utan grunnnets			
Tengivegir	2.115	2.160	2.180
Til brúargerðar	1.158	1.160	1.160
Ferðamannaleiðir	1.050	1.100	1.100
Girðingar	262	300	350
Landsvegir utan grunnnets	397	400	400
Safnvegir	1.178	1.200	1.200

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Styrkvegir	235	240	260
Reiðvegir	183	200	220
Samtals utan grunnnets	6.578	6.760	6.870
Afborgun skuldar frá 1999	0	-500	0
Stofnkostnaður samtals	33.961	29.685	27.806
Gjöld alls	58.885	56.445	55.756